



1. Stressaður



H3.55

- Pavel: Hvernig gengur að finna vinnu?
- Adam: Ekki vel. Ég er að fara í viðtal við náms- og starfsráðgjafa.
- Pavel: Ertu stressaður?
- Adam: Já, ég kvíði svolítið fyrir.
- Pavel: Drífu þig bara, það er ekkert mál. Ég fór í svona viðtal í fyrra og það hjálpaði mér. Ég dreif mig á nokkur námskeið og fékk vinnu eftir að ég talaði við náms- og starfsráðgjafa.

1.1 Viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa



H3.56-57

Adam er atvinnulaus. Hann fer til Önnu sem er náms- og starfsráðgjafi. Anna býður Adam velkominn. Hún sér að hann er kvíðinn og segir honum að slaka á. Hún er mjög vingjarnleg.

- Anna: Komdu sæll Adam. Hvað hefurðu verið lengi á Íslandi?
- Adam: Í sjö ár.
- Anna: Hvers vegna leitar þú til mín núna?
- Adam: Ég missti vinnuna fyrir þremur mánuðum síðan og það hefur ekki gengið vel að finna nýja vinnu.
- Anna: Hvar hefur þú unnið?
- Adam: Ég hef unnið mörg störf. Síðast var ég að vinna í byggingarvinnu. En ég hef líka unnið í fiskvinnslu og á bílaverkstæði.
- Anna: Hvað hefur þú lært?
- Adam: Ég er smiður og er meistari í húsasmíði. Kláraði það fyrir tíu árum síðan.
- Anna: Hefurðu tekið einhver námskeið á Íslandi?
- Adam: Nei, - eða jú annars, ég hef tekið fjögur íslenskunámskeið.



Hvað segir Fríða frænka?

Hvað er **náms- og starfsráðgjafi**?

Það er manneskja sem vinnur við að hjálpa fólki að taka ákvarðanir um nám og störf.

Hvenær komstu til Íslands? Hvenær misstirðu vinnuna? Hvenær kláraðir þú námið?	Fyrir einum mánuði síðan/fyrir einu ári síðan Fyrir tveimur mánuðum/árum síðan Fyrir þremur mánuðum/árum síðan Fyrir fjórum mánuðum/árum síðan Fyrir fimm mánuðum/árum síðan
Hvað hefurðu verið lengi á Íslandi? Hvað hefurðu búið hér lengi? Hvað hefurðu unnið lengi á Íslandi?	Ég hef verið í tvö ár á Íslandi Ég hef búið hér í fjögur ár Ég hef unnið í þrjá mánuði á Íslandi

1.2 Merkið við rétt, rangt eða kannski



- | | | | |
|---|-------------------------------|--------------------------------|----------------------------------|
| Adam er kvíðinn að fara til náms- og starfsráðgjafa | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Anna er kvíðin að tala við Adam | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam hefur búið á Íslandi í 7 ár | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam hefur unnið á Íslandi í 7 ár | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam hefur unnið á Íslandi í 10 ár | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam hefur verið atvinnulaus í 3 mánuði | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam vann síðast í byggingarvinnu | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam vann síðast á bílaverkstæði | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam hefur aldrei unnið í fiskvinnslu | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam kláraði námið fyrir 10 árum síðan | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Adam fannst gaman á íslenskunámskeiðunum | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |





Hvað segir Fríða frænka?

Hvað er **ferilskrá**?

Ferilskrá er listi yfir allt sem þú hefur unnið við og lært allt þitt líf. Náms- og starfsráðgjafar geta hjálpað þér að búa til ferilskrá.

Um hvað spyrja náms- og starfsráðgjafar?

Hvar hefurðu unnið?

Hvað hefur þú lært?

Hefurðu tekið einhver námskeið?

Hver eru áhugamál þín?

Hvers vegna leitar þú hingað? Af hverju ert þú hér?

Ertu búin/n að gera ferilskrá? Hefurðu gert ferilskrá?

Hvað langar þig að gera í framtíðinni?



FERILSKRÁ

NAFN _____

KENNITALA _____

HEIMILISFANG _____

HEIMASÍMI _____ FARSÍMI _____

NETFANG _____

MENNTUN _____

STARFSREYNSLA _____

AÐRAR UPPLÝSINGAR _____

1.3 Tölum saman!



- Ert þú að vinna á Íslandi?
- Hvað hefur þú verið lengi á Íslandi?
- Hvar hefur þú unnið?
- Hefur þú misst vinnuna á Íslandi?
- Ertu stundum stressuð/stressaður?
- Hvað hefur þú lært?
- Hver eru áhugamál þín?
- Hefurðu gert ferilskrá?
- Hvað langaði þig að verða þegar þú varst lítil/I?




2. Samtöl



2.1 Ánægð



- María: Ó - ég er svo ánægð. Ég fékk starf á hárgreiðslustofunni Perlu!
- Sigga: Bíddu, ert þú hárgreiðslukona?
- María: Já, ég lærði hárgreiðslu í Portúgal en hef ekki fengið vinnu við hárgreiðslu á Íslandi fyrr en nú!
- Sigga: Til hamingju! Við verðum að halda upp á þetta.



2.2 Óákveðinn



- Marcel: Ég ætla í nám næsta vetur en ég get ekki ákveðið hvað ég á að læra.
- María: Hvað langar þig að verða?
- Marcel: Kannski rafvirki, viðskiptafræðingur eða tölvunarfræðingur, veit ekki alveg.
- María: En nuddari? Eða leikskólakennari?
- Marcel: Æ, ég er svo óákveðinn. Ég þarf að hugsa málið vel og vandlega!
- María: Talaðu við námsráðgjafa. Hann hjálpar þér að ákveða.



2.3 Pirruð



- Díana: Ég er svo pirruð í vinnunni!
- Erna: Nú, ertu ekki í fínni vinnu?
- Díana: Æ, ég vinn í móttöku á hóteli og þarf alltaf að vera kurteis. En fólk getur verið svo dónalegt. Stundum er það mjög erfitt.
- Erna: En er þetta ekki vel launað starf?
- Díana: Jú, en ég er svo þreytt. Yfirmaður minn er ótrúlega frekur, lætur mig alltaf taka aukavaktir. Ég held ég verði bara að finna nýja vinnu.

2.4 Neikvæður



H3.61



- Chris: Ég þoli ekki Ísland – þetta er svo lítið land og ekkert að gerast hérna!
- Böðvar: Vertu ekki svona neikvæður, þú ert bara fúll af því að þig vantar vinnu.
- Chris: Nei, ég meina það! Ég bjó í New York og þar var sko gott að vera. Alltaf nóg að gera. Hér er alltaf vont veður, vondur matur og leiðinlegt fólk.
- Böðvar: Ekki láta svona, ég veit að þér líður betur þegar þú færð draumavinnuna!

2.5 Feimin



H3.62



- Emily: Ég lærði bókhald á Filippseyjum og mig langar svo að vinna við það.
- Anna: Já, reyndu að fá vinnu í bókhaldi!
- Emily: Ég sá auglýsingu um starf á lítilli bókhaldsstofu í bænum. Ég þorði samt ekki að sækja um.
- Anna: Af hverju ekki?
- Emily: Ég er svo feimin að tala íslensku. Ég þorði ekki að hringja.
- Anna: Ertu hrædd að tala íslensku í síma?
- Emily: Já, mér finnst svo erfitt að tala íslensku í síma. Ég þori það ekki.
- Anna: Blessuð vertu, hringdu bara núna. Hvað er númerið?

2.6 Öfundsjúkur



H3.63



- Hermann: Ég öfunda þig svo!
- Katarina: Af hverju?
- Hermann: Þú ert með svo góða vinnu.
- Katarina: Ekki vera svona öfundsjúkur. Reyndu bara að sækja um einhverja góða vinnu. Ekki gefast upp!
- Hermann: Já, en hvar?
- Katarina: Sjáðu, hér er auglýsing um starf á rannsóknarstofu. Sæktu um það, ertu ekki efnafræðingur?

 Hann er ...		 Hún er ...	
ánægður	óánægður	ánægð	óánægð
ákveðinn	óákveðinn	ákveðin	óákveðin
neikvæður	jákvæður	neikvæð	jákvæð
feiminn	ófeiminn	feimin	ófeimin
stressaður	rólegur	stressuð	róleg
kvíðinn	aflappaður	kvíðin	aflöppuð
hræddur	óhræddur	hrædd	óhrædd
kurteis	ókurteis	kurteis	ókurteis
	dónalegur		dónaleg
fúll	glaður	fúl	glöð
pirraður		pirruð	
öfundsjúkur		öfundsjúk	
frekur		frek	

3. Hver er hvað?



Ég fékk nýja vinnu á hárgreiðslustofu!



Þetta er Maria

Hún er ánægð

Ég þori ekki að tala íslensku í síma.

Þetta er _____

Hún er _____



Ég þoli ekki Ísland!



Þetta er _____

Hann er _____

3.1 Hvað segja þau?



Þetta er Diana

Hún er pirruð



Þetta er Hermann

Hann er _____



Þetta er _____

Hann er _____

3.2 Hlustaðu á fólkið og merktu við rétt orð




H3.64

- Mikið er þetta fallegur dagur!
 fúll glaður pirraður
- Ég er að fara til tannlæknis. Ég kvíði hræðilega fyrir, en ég verð að fara!
 kvíðinn reiður ánægður
- Ég veit alveg hvað ég vil. Ég ætla að læra hjúkrunarfræði og svo ætla ég að verða ljósmóðir.
 ákveðin óákveðin frek
- OHFFF! Þessi bíll er alltaf að bila. Hann er algjör drusla.
 ánægður pirraður jákvæður
- Afsakið, gætir þú sagt mér hvað klukkan er?
 kurteis leiðinlegur óánægður
- Hvað er klukkan? Svartaðu mér!
 kurteis skemmtileg ókurteis
- Mér finnst svo leiðinlegt í vinnunni.
 jákvæður óánægður glaður
- Það hringdi einhver dyrabjöllunni minni í nótt. Ég þorði ekki að svara!
 hrædd róleg dónaleg
- Það er alltaf svo gott veður á Íslandi!
 neikvæður jákvæður stressaður
- Ég veit ekki hvað ég á að gera í sumar: ferðast um Ísland, fara til útlanda eða bara vera heima?
 frekur óákveðinn öfundsjúk
- Það er einn mjög myndarlegur maður að vinna með mér. Hann er svo sætur að ég roðna alltaf þegar ég sé hann og get ekkert sagt!
 öfundsjúk feimin ákveðin



4. Að skipa fyrir og að hvetja

að bíða	Bíddu aðeins!	
að drífa sig	Drífdú þig!	
að gefast upp	Ekki gefast upp!	Ekki hringja strax!
að hringja	Hringdu núna!	Ekki láta svona!
að láta	Láttu ekki svona!	
að reyna	Reyndu betur!	
að sjá	Sjáðu!	
að svara	Svaraðu mér!	
að sækja um	Sæktu um vinnuna!	
að tala við	Talaðu við mig!	Ekki tala svona hátt!
að vera	Vertu góður!	Ekki vera vondur!


4.1 Skrifaðu hvað fólkíð er að segja











Fleiri skipanir!

að fara	Farðu út!	Ekki fara út!
að koma	Komdu inn!	Ekki koma inn!
að loka	Lokaðu glugganum!	Ekki loka glugganum!
að ná í	Náðu í bókina!	
að nudda	Nuddaðu mig!	Ekki nudda mig!
að opna	Opnaðu gluggann!	Ekki opna gluggann!
að rétta	Réttu mér pennann!	
að segja	Segðu mér eitt!	Ekki segja mér!
að setjast	Sestu!	Ekki setjast!
að skrifa	Skrifaðu nafnið þitt!	
að standa upp	Stattu upp!	Ekki standa upp!



4.2 Leikur



Skrifaðu sjö skipanir. Það má bara skrifa eitthvað sem hægt er að gera í stofunni. Skipaðu svo nemandanum við hliðina á þér að gera það sem þú ert búin/n að skrifa. Lestu bara eina skipun í einu! Skiptið svo um hlutverk.

Dæmi: Skrifaðu nafnið þitt á töfluna!
Náðu í kaffi fyrir mig!

5. Hvað kann ég?



5.1 Kláraðu samtal hjá náms- og starfsráðgjafa

Ráðgjafi: Hvar _____ ?

Agneta: Ég hef unnið á leikskóla og í eldhúsi á veitingastað.

Ráðgjafi: _____ ?

Agneta: Ég hef lært tölvunarfræði í Litháen.

Ráðgjafi: _____ ?

Agneta: Já, ég hef tekið mörg námskeið.

Ráðgjafi: _____ ?

Agneta: Mig langar að vinna við tölvur. Mig langar líka að læra viðskiptafræði.

Ráðgjafi: _____ ?

Agneta: Nei, ég hef ekki gert ferilskrá.

5.2 Merktu andstæð orð



- | | | |
|-------------|-------------------------------------|------------|
| 1. ákveðin | <input type="checkbox"/> | stressaður |
| 2. rólegur | <input type="checkbox"/> | óhræddur |
| 3. neikvæð | <input checked="" type="checkbox"/> | óákveðin |
| 4. hræddur | <input type="checkbox"/> | fúl |
| 5. glöð | <input type="checkbox"/> | ánægður |
| 6. óánægður | <input type="checkbox"/> | dónalegur |
| 7. kurteis | <input type="checkbox"/> | jákvæð |
| 8. kvíðin | <input type="checkbox"/> | afslöppuð |

5.3 Hvað er fólkið að segja?





6. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann að spyrja og svara

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Hvar hefur þú unnið ? | <input type="checkbox"/> Ég hef unnið ... |
| <input type="checkbox"/> Hvað hefur þú verið lengi á Íslandi? | <input type="checkbox"/> Ég hef verið á Íslandi í ... ár |
| <input type="checkbox"/> Hvað hefur þú lært ? | <input type="checkbox"/> Ég hef lært ... |
| | <input type="checkbox"/> Ég kom fyrir einu ári/tveimur/þremur/fjórum árum síðan |

2. Ég kann starfsheiti

- | | | |
|--|--|---|
| <input type="checkbox"/> smiður | <input type="checkbox"/> rafvirki | <input type="checkbox"/> leikskólakennari |
| <input type="checkbox"/> hárgreiðslukona | <input type="checkbox"/> tölvunarfræðingur | |

3. Ég kann orð um atvinnuleit

- | | | |
|--------------------------------------|--|--|
| <input type="checkbox"/> atvinnuleit | <input type="checkbox"/> ferilskrá | <input type="checkbox"/> starfsreynsla |
| <input type="checkbox"/> atvinnulaus | <input type="checkbox"/> nám | |
| <input type="checkbox"/> framtíð | <input type="checkbox"/> náms- og starfsráðgjafi | |

4. Ég kann orðin

- | | | |
|---|--|---|
| <input type="checkbox"/> að þora | <input type="checkbox"/> að missa vinnuna | <input type="checkbox"/> að klára nám |
| <input type="checkbox"/> að kvíða fyrir | <input type="checkbox"/> að leita að vinnu | <input type="checkbox"/> að taka námskeið |

5. Ég kann að segja

Ég /hann/hún er ...

- | | |
|--|-------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> ákveðin/n | <input type="checkbox"/> óákveðin/n |
| <input type="checkbox"/> jákvæð/ur | <input type="checkbox"/> neikvæð/ur |
| <input type="checkbox"/> kvíðin/n | <input type="checkbox"/> róleg/ur |
| <input type="checkbox"/> kurteis | <input type="checkbox"/> ókurteis |
| <input type="checkbox"/> pirraður/pirruð | |
| <input type="checkbox"/> öfundsjúk/ur | |

6. Ég kann að skipa fyrir/að hvetja

- | | | |
|---|---------------------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> Drífdú þig! | <input type="checkbox"/> Sjáðu! | <input type="checkbox"/> Náðu í kaffi fyrir mig! |
| <input type="checkbox"/> Bíddu! | <input type="checkbox"/> Svaraðu mér! | |
| <input type="checkbox"/> Ekki láta svona! | <input type="checkbox"/> Farðu út! | |

7. Hvað **lærði ég fleira** í 7. kafla? _____

8. Hvað **ætla ég að nota**? _____

9. Hvað **þarf ég að læra betur**? _____

Lýsingarorð – kyn

Karlkyn <i>Hann er ...</i>	Kvenkyn <i>Hún er ...</i>	Hvorugkyn <i>Það er ...</i>
ákveðinn	ákveðin	ákveðið
ánægður	ánægð	ánægt
dónalegur	dónaleg	dónalegt
feiminn	feimin	feimið
fúll	fúl	fúlt
glaður	glöð	glatt
hræddur	hrædd	hrætt
jákvæður	jákvæð	jákvætt
kurteis	kurteis	kurteist
kvíðinn	kvíðin	kvíðið
pirraður	pirruð	pirrað
rólegur	róleg	rólegt
stressaður	stressuð	stressað
öfundsjúkur	öfundsjúk	öfundsjúkt

Tölur – föll

1	nefnifall	einn	ein	eitt
	þolfall	einn	eina	eitt
	þágufall	einum	einni	einu
	eignarfall	eins	einnar	eins

Þetta er **einn** maður/**ein** kona/**eitt** barn.
Ég á **einn** son/**eina** dóttur/**eitt** barn.
Ég kom fyrir **einum** mánuði/**einni** viku/**einu** ári.
Hann er **eins** mánaðar/**einnar** viku/**eins** árs gamall.

2	nefnifall	tveir	tvær	tvö
	þolfall	tvo	tvær	tvö
	þágufall	<i>tveimur</i>	<i>tveimur</i>	<i>tveimur</i>
	eignarfall	<i>tveggja</i>	<i>tveggja</i>	<i>tveggja</i>

Þetta eru **tveir** menn/**tvær** konur/**tvö** börn.
Ég á **tvo** syni/**tvær** dætur/**tvö** börn.
Ég kom fyrir **tveimur** mánuðum/vikum/árum síðan.
Hann er **tveggja** mánaða/vikna/ára gamall.

3	nefnifall	þrír	þrjár	þrjú
	þolfall	þrjá	þrjár	þrjú
	þágufall	<i>þremur</i>	<i>þremur</i>	<i>þremur</i>
	eignarfall	<i>þriggja</i>	<i>þriggja</i>	<i>þriggja</i>

Þetta eru **þrír** menn/**þrjár** konur/**þrjú** börn.
Ég á **þrjá** syni/**þrjár** dætur/**þrjú** börn.
Ég kom fyrir **þremur** mánuðum/vikum/árum síðan.
Hún er **þriggja** mánaða/vikna/ára gömul.

4	nefnifall	fjórir	fjórar	fjögur
	þolfall	fjóra	fjórar	fjögur
	þágufall	<i>fjórum</i>	<i>fjórum</i>	<i>fjórum</i>
	eignarfall	<i>fjögurra</i>	<i>fjögurra</i>	<i>fjögurra</i>

Þetta eru **fjórir** menn/**fjórar** konur/**fjögur** börn.
Ég á **fjóra** syni/**fjórar** dætur/**fjögur** börn.
Ég kom fyrir **fjórum** mánuðum/vikum/árum síðan.
Hann er **fjögurra** mánaða/vikna/ára gamall.

Boðháttur

Regla*¹ og stofn endar á sérhljóða +ðu			
að tala	tala		Talaðu við mig!
að hlusta	hlusta	+ðu	Hlustaðu á mig!
að svara	svara		Svaraðu mér!
að ná	ná		Náðu í kaffi fyrir mig!
Sérhljóði + g/r/f, +ðu á stofn			
að segja	seg		Segðu mér satt!
að fara	far	+ðu	Farðu út!
að drífa	dríf		Drífðu þig!
Sérhljóði + m/n/l + du á stofn			
að koma	kom		Komdu inn!
að reyna	reyn	+du	Reyndu betur!
að velja	vel		Veldu rétt!
Sérhljóði +ð + ddu á stofn (ð breytist í d)			
að bíða	bí(ð)	+ddu	Bíddu aðeins!
Sérhljóði + s/p/t/k + tu á stofn			
að lesa	les		Lestu bókina!
að hlaupa	hlaup	+tu	Hlauptu!
að láta	lát		Láttu ekki svona!
að sækja	sæk		Sæktu um vinnuna!
Ýmislegt óreglulegt			
að standa			Stattu upp!
að hringja			Hringdu í mig!
að horfa			Horfðu á mig!
að ganga			Gakktu til mín!
að setjast			Sestu niður!





orð	þýðing	orð	þýðing
að drífa sig		neikvæður	
að kvíða fyrir		móttaka	
að þola		óákveðinn	
að þora		pirraður	
að öfunda		rólegur	
atvinnuleit		starfsreynsla	
atvinnulaus		smiður	
bílaverkstæði		hárgreiðslukona	
bókhald		rafvirki	
byggingavinna		tölvunarfræðingur	
feiminn		viðskiptafræðingur	
ferilskrá		nuddari	
fiskvinnsla		leikskólakennari	
framtið		efnafræðingur	
fúll		ljósmóðir	
jákvæður		viðtal	
kurteis		vingjarnlegur	
nám		öfundsjúkur	
námskeið			
náms- og starfsráðgjafi			